



„Við eigum ekkert hús“ Reynsla og upplifun barna af því að búa við fátækt

**Hervör Alma Árnadóttir, félagsráðgjafi MSW,
lektor við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands**
**Soffía Hjördís Ólafsdóttir, félagsráðgjafi MA,
þjónustumiðstöð Breiðholts**



Hervör Alma
Árnadóttir



Soffía Hjördís
Ólafsdóttir

Útdráttur

Um eitt af hverjum tíu börnum á Íslandi býr við efnislegan skort og birtast afleiðingar þess meðal annars í skertum tækifærum og ójöfnuði. Hér verða kynntar niðurstöður rannsóknar á áhrifum fátæktar á líf og aðstæður barna. Markmiðið er að varpa ljósi á reynslu barna af því að búa við fátækt og upplifun þeirra af áhrifum fátæktar á samskipti við fjölskyldu og vini. Spurt er: Hvernig er reynsla barna sem búa við fátækt af félagslegum aðstæðum sínum? Hvernig upplifa börn sem búa við fátækt samskipti sín við fjölskyldu og jafningja? Gagna var aflað með eigindlegum hálfstöðluðum viðtölum við ellefu börn á aldrinum 7–12 ára, sem bjuggu hjá foreldrum sem höfðu fengið fjárhagsaðstoð frá sveitarfélagi sér til framfærslu í þrjá mánuði eða lengur. Í niðurstöðum kemur fram að börnunum var tíðrætt um erfiðar húsnæðisaðstæður fjölskyldunnar sem einkenndust af örurum flutningum og oft þröngbýli. Að þeirra mati takmörkuðu aðstæður möguleika þeirra til tómsunda og gátu haft neikvæð áhrif á samskipti við jafnaldra og fjölskyldumeðlimi. Niðurstöður benda til þess að leggja þurfi áherslu á að tryggja búsetuöryggi fjölskyldna sem búa við fátækt.

Lykilorð: börn, bernskufræði, fátækt, velferð, þátttaka.

Abstract

Approximately one out of ten Icelandic children suffer from material deprivation resulting in, among other things, inequality and reduced opportunities. In this article we present the conclusions of research into the effect poverty has on children and their situation. The aim is to shed light on the experiences of children living in poverty and how they view the effects of poverty on their relations with family and friends. We ask: How do children living in poverty experience their social circumstances? How do children

living in poverty experience their relationships with family and peers? The research method is qualitative, based on eleven interviews with children ranging from 7 to 12 years of age, whose parents had received financial aid from the municipality for three months or longer. The results showed that the children tend to discuss the poor housing situation of their families a lot, a situation characterized by frequent relocation and overcrowding. The children experienced a lack of leisure activities due to their circumstances and described the negative effects their circumstances had on their relationship with family and peers. From this we conclude that it is of critical importance to improve the housing situation of people that live in poverty.

Keywords: children, childhood studies, poverty, welfare, participation.

Inngangur

Greinin er byggð á niðurstöðum nýlegrar rannsóknar á fátækt út frá sjónarhorni barna (e. the child perspective) þar sem könnuð var upplifun og reynsla barna af því að búa við fátækt. Leitast er við að varpa ljósi á mikilvægi þess að hlusta á það sem börn hafa að segja um reynslu sína af slíkum aðstæðum, en það samræmist samtímahugmyndum í bernskufræðum um börn sem virka þátttakendur í eigin lífi (James, Jenks og Prout, 1998; Mayall, 2009). Í sama streng er tekið með ákvæðum 12. og 13. greinar laga um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013, sem fela í sér viðurkenningu á stöðu og réttindum barna til þátttöku í málefnum sem varða líf þeirra og aðstæður. Á síðasta áratug hafa fræðimenn í auknum mæli farið að vinna rannsóknir með börnum frekar en að líta á þau einungis sem óvirk viðfangsefni rannsókna (Brady, Shaw, Blades og Davey, 2012; Graham, Powell og Taylor, 2015; Shaw, Brady og Davey, 2011). Niðurstöður rannsókna benda til þess



að börn séu hæf til að fjalla um erfiðar aðstæður eins og fátækt sé viðeigandi aðferðum beitt (Hervör Alma Árnadóttir og Martha María Einarsdóttir, 2018) og að rödd barna og reynsla sé ekki síst mikilvæg þegar rannsóknarefnið varðar samfélagslega stöðu þeirra sem alast upp við viðkvæmar og erfiðar aðstæður, eins og fátækt (Martins, Oliveira og Tendais, 2018; McDonald, 2009; Vis, Strandbu, Holtan og Thomas, 2011). Fátækt getur haft víðtæk áhrif á velferð og líðan barna. Fátækt getur einnig haft neikvæð áhrif á félagslega stöðu þeirra og valdið skertu aðgengi að viðunandi húsnæði og tómstundum (Crowley og Vulliamy, 2007; Lee, 2011). Foreldrar barna sem búa við fátækt eru líklegri en aðrir foreldrar til að finna fyrir streitu vegna bágrar fjárhagsstöðu. Streita foreldra getur því haft áhrif á getu þeirra til að veita börnum sínum viðeigandi stuðning og hún eykur líkurnar á samskiptaerfiðleikum innan fjölskyldna (Lovísa Arnardóttir, 2016; Ridge, 2009; Walker, Crawford og Taylor, 2008). Það hefur verið gagnrýnt í rannsóknum á fátækt innan fjölskyldna að upplýsingar séu fyrst og fremst frá fullorðnum, síður frá börnum (Sandbæk, 2009), og þau börn sem fá tækifæri til að tjá sig um líf sitt og aðstæður endurspeglir ekki fjölbreyttan hóp barna (Brady, Shaw, Blades og Davey, 2012; Moore, Saunders og McArthur, 2011; Waller og Bitou, 2011). Bent hefur verið á að börnum sem eru jaðarsett af einhverjum orsökum sé síður boðin þátttaka í rannsóknum en börnum sem búi við betri aðstæður (Brady o.fl., 2012). Rannsóknir á reynslu og upplifun barna af því að alast upp við erfiðar félagslegar aðstæður geta aukið skilning á stöðu þeirra barna og bætt við mikilvægri þekkingu. Þannig er hægt að vinna gegn mismunun og stuðla að auknu félagslegu réttlæti í samfélögum (Mossige og Backe-Hansen, 2013).

Fátækt barna

Þegar fátækt er skilgreind er algengast að nota afstæð fátæktarmörk (e. relative poverty line) (Guðný Björk Eydal og Cynthia Lisa Jeans, 2008). Með afstæðum fátæktarmörkum er fólk skilgreint sem fátækt ef tekjur þess fara undir skilgreint hlutfall þess hóps sem miðað er við, með tilliti til fjölskyldustærðar (Stefán Ólafsson, 1999). Þessi skilgreining hefur verið gagnrýnd fyrir það að varpa ljósi á lífskjör fjölskyldunnar sem heildar en veita litlar upplýsingar um aðstæður og kjör barna sem einstaklinga. Brugðist hefur verið við þeirri gagnrýni með því að leggja aukna áherslu á barnamiðaða nálgun í rannsóknum á barnafátækt, sem þýðir að áhersla er lögð á börnin sjálf og á sjónarhorn þeirra (Lovísa Arnardóttir, 2016). Með hugtakinu barna-

fátækt er hér átt við það að börn skorti tilfinningaleg, andleg eða efnisleg gæði sem eru þeim nauðsynleg til að þroskast og dafna (de Neubourg, Chai, de Milliano, Plavgo og Wei, 2012). Við skilgreiningu á barnafátækt í lífskjararannsóknum UNICEF, sem gerðar eru út frá aðferð Hagstofu Evrópusambandsins (Eurostat) við mælingar á efnislegum skorti, er miðað við það að börn skorti tvo eða fleiri þætti lífsgæða sem skilgreindir hafa verið í Evrópsku lífskjararannsókninni sem er gerð árlega á Íslandi (Lovísa Arnardóttir, 2016). Mælingar á lífsgæðum, byggðar á svörum foreldra, taka til þátta á borð við næringu, menntun, klæðnað og vinatengsl (Kolbeinn Hólmar Stefánsson, Lovísa Arnardóttir og Anton Örn Karlsson, 2018; Lovísa Arnardóttir, 2016). Samkvæmt skortsgreiningu bjó um 9,1% barna á Íslandi við skort á tveimur eða fleiri greindum lífsgæðum árið 2016 (Lovísa Arnardóttir, 2016). Í skýrslu sem unnin var af Hagstofu Íslands (2016) var markmiðið að skoða hvaða hópar á Íslandi byggju við umtalsverðan skort á efnislegum gæðum eða það sem hefur verið skilgreint sem sára fátækt. Í skýrslunni kemur fram að fjölskyldur sem búa í leiguhúsnæði búa frekar við fátækt en þær sem búa í eigin húsnæði og börn eiga frekar á hættu að lifa við fátækt en fullorðnir.

Rannsóknir og skýrslur hafa verið gefnar út af alþjóðastofnunum þar sem fram koma tölfraðilegar upplýsingar um umfang og útbreiðslu fátæktar (European Commission, 2010; Lovísa Arnardóttir, 2016; Save the Children, 2014). Þessar upplýsingar gefa ákveðna mynd af stöðu mála og benda til þess að þeim börnum sem búa við bágar aðstæður og skort hafi fjölgað (Save the Children, 2014). Samhliða þessum upplýsingum er þarft að líta á reynslu og upplifun barna af því að búa við fátækt (Guðný Björk Eydal og Cynthia Lisa Jeans, 2008; Mood og Jonsson, 2016). Rök hafa verið færð fyrir mikilvægi þess að ræða við börn um reynslu þeirra og upplifun. Ein rökin eru þau að börn skilji aðstæður sínar og menningu á annan hátt en fullorðnir (Rogoff, 2003) og einnig hefur verið bent á að ekki séu bein tengsl á milli fjárhagsstöðu fjölskyldunnar og þeirra kjara sem barnið býr við. Sýnt hefur verið fram á að foreldrar/forsjáradilar (hér eftir foreldrar) reyni gjarnan að hlífa börnum sínum við fjárhagsáhyggjum og skeri niður önnur útgjöld en þau sem snúa að umönnun barna. Því þurfi það ekki að vera svo að börnin upplifi fátækt þó svo að foreldrar þeirra búi við erfiða fjárhagsstöðu. Eins geti það verið að börn efnameiri foreldra búi við skort ef foreldrar ráðstafa ekki tekjum sínum í þágu barna sinna. Því



hefur verið lögð áhersla á að greina fátækt meðal barna út frá sjónarhorni þeirra (Ridge, 2009; Warren, 2007).

Afleiðingar þess að alast upp við fátækt

Talsvert hefur verið skrifað um afleiðingar þess að alast upp við fátækt. Niðurstöður rannsókna hafa bent til þess að þeir sem búa við fátækt yfir lengri tíma séu líklegri til þess að upplifa neikvæðar afleiðingar fátæktar en þeir sem búa tímabundið við slíkar aðstæður (Lee, 2011). Stöðugleiki þykir æskilegur í uppleddi barna og tekur meðal annars til öryggis varðandi búsetu og til þess að eiga sér öruggt heimili. Fyrir börn sem alast upp við fátækt getur þessum skilyrðum verið ógnað af tíðum flutningum milli hverfa eða landsvæða og svo þröngbýli sem kann að takmarka svigrúm þeirra til félagslegrar iðju. Takmarkað persónulegt rými getur valdið þirringi og kvíða hjá börnum og haft neikvæð áhrif á samskipti og tengsl innan fjölskyldna (Lee, 2011; Ridge, 2009). Þó bent hafi verið á það að börn sýni fjárhagsaðstæðum foreldra mikinn skilning getur streita foreldra sem stafar af fjárhagsáhyggjum komið niður á uppbyggilegum samskiptum foreldra og barna (Ridge, 2009; Walker, Crawford og Taylor, 2008). Samskipti við jafningja og vináttusambönd eru mikilvæg svo að börn finni fyrir félagslegu öryggi, geti byggt upp sjálfsmynd og finni að þau tilheyrir samfélagi. Börn sem búa við fátækt bera oft skarðan hlut frá borði þegar horft er til þessara þátta. Vegna kostnaðar við skipulagðar tómsundurir öðlast fátæk börn færri tækifæri en önnur börn til þess að taka þátt í félagsstarfi með jafnöldrum og byggja upp vináttusambönd (Ásdís Aðalbjörg Arnalds, Elísabet Karlsdóttir, Heiður Hrund Jónsdóttir og Vala Jónsdóttir, 2012). Börn sem búa við þröngbýli eða léleg húsakynni bjóða síður börnum heim til sín en önnur börn og forðast félagsleg samskipti til þess að koma ekki upp um þær aðstæður sem þau búa við (Crowley og Vulliamy, 2007; Ridge, 2009). Í niðurstöðum rannsókna hefur komið fram að börn sem búa við fátækt eru í aukinni hættu á félagslegri einangrun og ofbeldi (Chamberlain o.fl., 2016). Fátæk börn upplifa félagslega útilokun vegna efnahagslegrar stöðu fjölskyldu sinnar. Þau verða einnig fyrir stríðni eða einelti vegna þess að þau eru ekki í þeirri stöðu að geta eignast sömu efnislegu gæði og önnur börn, á borð við leikföng eða fatnað (Elísabet Karlsdóttir og Erla Björg Sigurðardóttir, 2015; Lee, 2011; Littlewood, Herkommer og Koch, 2007; Redmond, 2009).

Eins og komið hefur fram er talsvert vitað um afleiðingar fátæktar. Markmiðið hér er að bæta við þá

þekkingu og varpa ljósi á reynslu íslenskra barna af því að búa við fátækt og upplifun þeirra af áhrifum fátæktar á samskipti og tengsl við fjölskyldu og vini.

Leitast var við að svara eftirfarandi rannsóknarspurningum:

1. Hvernig er reynsla barna sem búa við fátækt af félagslegum aðstæðum sínum?
2. Hvernig upplifa börn sem búa við fátækt samskipti sín við fjölskyldu og jafningja?

Aðferð

Rannsóknin fór fram árið 2017. Við öflun og meðferð gagna var beitt eigindlegri rannsóknaraðferð. Tekin voru hálfstöðluð viðtöl (Braun og Clarke, 2013) við börn sem áttu foreldra af íslenskum uppruna og höfðu fjárhagsaðstoð til framfærslu og voru því skilgreind sem fátæk. Rannsóknin hefur ekki alhæfingargildi og segja niðurstöður aðeins til um reynslu viðkomandi barna.

Framkvæmd

Þátttakendur voru valdir með markvissu úrtaki (e. purposive sample) (Braun og Clark, 2013). Börnin áttu það sameiginlegt að eiga foreldra sem höfðu fengið fjárhagsaðstoð frá sveitarfélaginu sem þau voru búsett í sér til framfærslu í þrjú mánuði eða lengur. Starfsmaður sveitarfélagsins sá um að afla upplýsinga um þá sem höfðu fengið fjárhagsaðstoð sér til framfærslu í sex mánuði eða lengur og höfðu börn á framfæri sínu á aldrinum 7–17 ára. Alls voru þetta 37 foreldrar með 44 börn á aldrinum 7–17 ára. Starfsmaðurinn hafði samband við foreldrana, kynnti rannsóknina og óskaði eftir þátttöku barna þeirra. Aðeins þrjú þátttakendur fengust úr þeirri leit. Því var ákveðið að breyta forsendum rannsóknarinnar varðandi tímalengd fjárhagsaðstoðar úr sex mánuðum í þrjú mánuði. Í hópnum sem uppfyllti þær forsendur voru 17 foreldrar af íslenskum uppruna með 21 barn á umræddum aldri. Starfsmaður sveitarfélagsins sá einnig um að hafa samband við þá foreldra og samþykktu átta að taka þátt í rannsókninni. Kynningarbréf var sent til foreldra og barna með ósk um þátttöku. Í kjölfar samþykkis var fengið skriflegt leyfi barna og foreldra þar sem þau samþykktu þátttöku í rannsókninni. Foreldrar fylgdu börnunum á viðtalsstað og skildu þau eftir í umsjón rannsakanda á meðan á viðtalinu stóð. Rannsakandi lagði áherslu á að börnin jafnt sem foreldrar fengju tækifæri til að spyrja spurninga um rannsóknina.

Rannsakendur tóku viðtölin við börnin sem fóru ýmist fram á bókasöfnum í nærumhverfi barnanna eða



á heimili þeirra. Ýmsar leiðir voru farnar til að ná fram sem bestri svörum hjá börnunum. Til að mynda voru notaðar tússtöflur, blöð og litir ásamt leikföngum. Var þetta gert til að auðvelda börnunum að tjá sig og byggja upp traust á milli rannsækenda og barnanna. Þessi gögn voru ekki notuð til frekari greiningar og var þeim eytt að rannsókninni lokinni.

Viðtölin voru hljóðrituð, afrituð og greind með aðferð lyklnar (e. coding) og þemagreiningar (e. thematic analysis). Með aðferðinni er leitast við að finna sameiginlega þætti og mynstur og varpa ljósi á reynslu og hvaða merkingu fólk leggur í líf sitt og aðstæður (Braun og Clarke, 2013).

Þátttakendur

Ellefu börn á aldrinum 7–12 ára tóku þátt í rannsókninni, sex stelpur og fimm strákar. Öllum persónurekjanlegum upplýsingum var breytt til að gæta persónuverndar þátttakenda, þar á meðal nöfnum barnanna og staðarheitum sem fram komu í viðtölunum. Börnin voru viljug að ræða um reynslu sína af því að alast upp við fátækt.

Takmarkanir og siðferðileg álitamál

Rannsóknir þar sem börn eru þátttakendur eru viðkvæmt ferli og vandasant. Fengið var leyfi frá Vísindasíðanefnd fyrir rannsókninni (nr. S1707-00064) og var hún einnig tilkynnt til Persónuverndar samkvæmt lögum um persónuvernd nr. 77/2003. Áhersla var lögð á að skýra vel út fyrir þátttakendum markmið, tilgang og trúnað vegna rannsóknarinnar. Til þess að leitast við að koma í veg fyrir að þátttakendur teldu sig skuldbundna til að taka þátt í rannsókninni vegna stuðningsins sem þeir fengu frá sveitarfélaginu þótti rétt að ítreka sérstaklega þann rétt þeirra að hætta við þátttöku sína í rannsókninni á öllum stigum rannsóknarferlisins. Rannsakendur voru meðvitaðir um valdastöðu rannsakanda gagnvart börnum og lögðu áherslu á að reyna að skapa traustan og öruggan vettvang fyrir börnin til að tjá sig. Áður en viðtölin fóru fram var talað við börnin um það hvað fælist í trúnaði og nafnleynd og voru leyfi fengin fyrir hljóðritun. Reynt var að tryggja með samræðum við börnin að þau áttuðu sig á viðfangsefni og til hvers niðurstöður yrðu nýttar.

Niðurstöður

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar verða kynntar hér út frá þremur meginþemum. Fyrsta þemað snýr að heimilisaðstæðum og tengslum barnanna við foreldra. Annað þemað fjallar um heimilisaðstæður og tengsl

barnanna við vini. Þriðja og síðasta þemað varðar þátttöku í tómstundastarfi.

Heimilisaðstæður og tengsl við foreldra

Börnin lýstu reynslu sinni af því að búa við fátækt á ýmsan hátt en áttu það þó flest sameiginlegt að tengja málið húsnæðisstöðu fjölskyldunnar sem þau lýstu áhyggjum yfir og var þeim flestum ofarlega í huga. Af ellefu börnum lýstu sjö þeirra upplifun á húsnæðisstöðu sinni á neikvæðan hátt, til dæmis vegna staðsetningar, ásítkomulags húsnæðis eða þröngbýlis.

Dæmi voru um að erfið húsnæðisstaða og félagslegir erfiðleikar foreldra ollu því að börnin gátu ekki búið hjá foreldrum sínum, en tvö börn voru vistuð utan heimilis. Aðspurð um það hvar hún ætti heima svaraði Ragna, 8 ára, sem vistuð var utan heimilis: „Við höfum ekkert hús.“ Börnin sögðu mörg frá reynslu sinni af tíðum flutningum og því óöryggi sem því fylgdi. Þau höfðu kynnst því að hafa flutt milli sveitarfélaga eða inn á stórfjölskyldu vegna skorts á húsnæði. Eitt þeirra barna sem hafði reynslu af tíðum flutningum til stórfjölskyldu var Ásdís, 10 ára, og greindi hún svo frá:

Svo við fórum til ömmu meðan við vorum að finna hús ... Þetta er í þriðja skiptið sem ég flyt til ömmu minnar, svo þjó ég einu sinni úti á landi, ég man ekki fleira. En það eru samt fleiri staðir.

Dæmi voru um að börnin gengju í skóla þar sem þau voru með skráð lögheimili þó að þau væru búsett í öðrum sveitarfélögum. Börnin virtust vera meðvituð um leiguverð, það væri of hátt fyrir fjölskyldur þeirra og þess vegna væru þau búsett annars staðar, eins og Ásdís talaði um: „En svo þarna hækkaði leigan, eða það kostaði svo mikið að við þurftum að flytja.“ Rögnu fannst allt of dýrt að leigja húsnæði og sagði:

[...] Svo þurfti [...] að selja það svo við fengum hús en svo misstum við það því við þurftum að borga alveg 100 þúsund eða eitthvað. Svo við þurftum að borga heila, eina milljón eða eitthvað fyrir hvert ár [...] Sko, fyrsta sem ég man eftir mér var ég í einhverju húsi, svo fluttum við í [sveitarfélag], síðan út á land og svo til Reykjavíkur. Ég hef reyndar átt heima á fimm, nei sex, bíddu, ég er að hugsa. Jú ókei, sex.

Áhyggjur vegna óvissu á leigumarkaði komu fram í samtali við nokkur börn og þau greindu frá óryggi, eins og Elísabet, 9 ára, talaði um:

Já, en það er út af því þarna að þetta er sumarhúsið þeirra. Ég meina, það er verið að fækka húsum hérna



svo það eru svo fá hús og alltaf þegar það losna hús er búið að panta það fyrirfram svo maður getur aldrei fengið neitt!

Börnin töldu flest að slæmur fjárhagur foreldra væri ástæða slakrar húsnæðisstöðu og tíðra flutninga. Við þessar aðstæður upplifðu börnin neikvæð samskipti og togstreitu við foreldra, eins og Elísabet lýsti þegar hún var spurð hversu oft hún hefði flutt:

Mjööög oft, við skiptum alveg um stað. Pabbi sagði, því ég spurði af hverju erum við alltaf bara eitthvað tvö ár á hverjum stað og hann bara eitthvað, það er ekki satt, stundum erum við hálf tveggja ár og stundum eitt ár og stundum þrjú ár. Eins og það breyti einhverju!

Börnin áttu það flest sameiginlegt að bera mikla ábyrgð inni á heimili sínu miðað við aldur og þroska. Ábyrgðin fólst í því að styðja foreldra sína með því að passa systkini, sjá sjálf um að útvega sér viðeigandi skólagögn og að taka mikla ábyrgð á eigin heimanámi og skólagöngu almennt. Þegar Helgi, 10 ára, var spurður hvort hann fengi einhvern tíma vasapening svaraði hann:

Nei, ég þarna spyr aldrei um pening, bara þegar ég er kannski að fara með vinum mínum í Hagkaup þá spyr ég kannski má ég fá 100 eða 200. Ég fæ engan vasapening því ég þarf engan pening. Nema þegar ég fer í Hagkaup.

Reynsla barnanna af tengslum við foreldra var misjöfn en sum þeirra virtust vera í góðum tengslum við foreldra á meðan önnur lýstu flóknum tengslum. Í þeim tilfellum þar sem börn lýstu flóknum tengslum við foreldri mátti ætíð rekja það til heilsuvanda foreldris eða afleiðinga fátæktar, eins og streitu eða ágreinings vegna fjárhagslegrar stöðu eða erfiðra húsnæðisáðstæðna. Í því samhengi lýsti Ragna ósk sinni um framtíðina á þennan hátt: „Mamma væri komin heim úr meðferð og pabbi að vinna því þá fáum við meiri pening.“ Flest barnanna töluðu um að samverustundir við foreldra væru af skornum skammti og þeim fannst bág staða foreldra þeirra koma í veg fyrir samverustundir. Freyr, 12 ára, svaraði svo þegar hann var spurður hversu tíðar samverustundirnar væru: „Eh, ekki oft. En við reynum það en, þú veist, þau eru oft að gera eitthvað og stundum eru þau veik eða eitthvað þannig og þá er stundum erfitt að spila.“

Börnin lýstu mörg álagi á heimilið vegna fjárhagsstöðu þess og óskuðu sér þess að foreldrar þeirra væru heilsuhraustari og/eða fjárhagsáhyggjur heimilisins færu minnkandi. Börnin fundu fyrir því að litlir peningar væru til ráðstöfunar og óskuðu sér þess að verð-

lag myndi lækka svo að fjárhagslegt álag fjölskyldunnar yrði minna. Darri, 10 ára, sem bjó einn með einstæðri móður sinni, var spurður hvort hann ætti sér einhverja ósk. Hann sagði: „Já, ég myndi bara vilja að það væri allt miklu ódýrara. Þá þyrftum við að hafa miklu minni áhyggjur.“

Heimilisaðstæður og tengsl við vini

Börnin sögðu frá félagskvíða, skertu aðgengi að félagslegum viðburðum og skorti á leikföngum ásamt því að lýsa lágu sjálfsmati. Sum barnanna lýstu hræðslu- og ónotatilfinningu á heimili sínu, eins og Ragna, 8 ára, gerði aðspurð um heimilisaðstæður: „Þar sem við erum að leigja. Það er eitthvað mjööög lítið og það eru alltaf köngulær og háaloft sem við megum ekki fara upp á því þar eru rottur uppá. Síðan eru draugar í því.“ Flest börnin sögðust hika við að bjóða vinum sínum í heimsókn, til dæmis vegna ásigkomulags heimilisins eða þröngbýlis. Elísabet, 9 ára, sagði frá því að hún hefði einhvern tímann boðið vinkonum sínum heim til sín en bætti síðan við: „Jááá, en þær eru samt alveg flestar hræddar við húsið mitt ... Sko, ég er líka alveg hrædd og vinkona mín líka.“

Börnin vildu flest leika við vini sína utan heimilisins en þá gat staðsetning þess einnig staðið í vegi fyrir því að hægt væri að bjóða vinum í heimsókn. Ásdís, 10 ára, var eitt þeirra barna sem bjó fjarri skóla, þar sem fjölskylda hennar hafði flutt vegna húsnæðisleysis. Þegar hún var spurð hvort hún hitti einhvern tímann vini eða vinkonur sínar utan skóla svaraði hún:

Ekki núna því ég á heima svo ógeðslega langt í burtu ... Æ, ég er oftast heima, því að, eða þú veist, ef ég myndi fara eitthvað að leika við vinkonur mínar og vera að keyra ógeðslega langt til að fara að leika við vinkonur mínar og síðan má hún bara leika í 10 mínútur eða eitthvað.

Nokkur börn sögðust vera mikið ein og/eða finna fyrir kvíða við tilhugsunina um að mynda tengsl við bekkjarfélaga því að þá kæmust þeir að því hvernig heimili þeirra og aðstæður væru í raun og veru. Darri, 10 ára, greindi frá því að mikið væri um lögregluheimsóknir í blokkina sem hann byggði í og hann fyndi fyrir miklu óöryggi heima hjá sér. Þegar hann var spurður hvort hann ætti marga vini í skólanum svaraði hann:

[...] Ég meina, það eru margir krakkar í bekknum mínum. Hvernig á ég að muna nöfnin þeirra? Ef ég er með of marga vini þá eru margir að fara að spyrja mig að því hvort ég geti leikið, þá verð ég bara stressaður.



Meirihluti barnanna, átti það sameiginlegt að halda ekki upp á afmæli fyrir vini og/eða ættingja. Þau börn sem greindu frá því að hafa haldið afmælisveislu fengu stuðning frá ættingjum eða fjölskyldu vina sinna við veislurnar sjálfar. Nokkur barnanna óskuðu sér að geta haldið upp á afmælið sitt einhvern tímann, eins og Haukur, 9 ára, sem býr við mikið þröngbýli, lýsti þegar hann var spurður hvort hann hefði haldið upp á afmælið sitt: „Mamma mín leyfir mér ekki. En næst má ég kannski bjóða vinum mínum en ég hef aldrei boðið vinum mínum í afmælið.“

Þátttaka í tómstundum

Tíðir flutningar og óryggi á húsnæðismarkaði takmörkuðu aðgengi margra barnanna að skipulegu tómstundastarfi. Meirihluti barnanna sótti ekki skipulegt tómstundastarf og átti ekki langa sögu um þátttöku í slíku starfi. Sum barnanna höfðu verið í einhverju tómstundastarfi, sem hafði þurft að ljúka vegna flutninga, en þá voru ekki til peningar til að borga fyrir nýja tómstundaráttöku. Fjarlægð frá heimili var einnig hindrun þar sem mörg barnanna voru búsett langt frá skipulegu tómstundastarfi í skólahverfi þeirra. Nokkur börn gátu ekki sinnt tómstundastarfi sínu vegna óvissu um búsetu næstu mánuði, eins og Ásdís, 11 ára, sagði frá:

Ég get ennþá æft á hljóðfæri en ég kemst ekki í hljómsveit því ég er að fara að skipta um skóla einhvern tíma. Ég man ekki af hverju það var, eitthvað í sambandi við að ég fer að flytja, þess vegna má ég ekki.

Mörg þeirra barna sem ekki voru í tómstundum töldu háan kostnað vera ástæðu þess að þau tækju síður þátt í reglubundnu tómstundastarfi, en þau voru mörg meðvituð um kostnaðinn við það tómstundastarf sem var á óskalistanum. Elísabetu, 9 ára, langaði að fá að taka þátt í skátastarfi en sagðist ekki þora að biðja foreldri sitt um að skrá sig þar sem hún taldi sig vita að fjárhagurinn leyfði það ekki. Elísabet lýsti þessu svo:

Nei, en mig langar svo ótrúlega mikið að fara þarna á skátastað bara fyrir stelpur, nei, ekki bara fyrir stelpur. En þarna, mig langar svo að fara í það en það kostar 40 þúsund eða 60 þúsund á manneskju. En það eru allir að fara þangað ... En [foreldri] mun bara segja nei því það er of mikið ... Maður fer á hestbak og allt og síðan fær maður kökur ef einhver á afmæli og farið niður í salinn og þar heldur maður partý með diskana. Mig langar svo að prófa það.

Umræða

Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að þau börn sem rætt var við búi við fátækt og sum þeirra upplifi verulegan skort efnislegra gæða. Þegar börnin lýstu aðstæðum sínum beindust áhyggjur þeirra oftast en ekki að húsnæðisvanda fjölskyldunnar, sem í öllum tilfellum bjó í leiguhúsnæði eða hjá ættingjum. Þetta samræmist niðurstöðum fyrri rannsókna sem sýna fram á að börn sem búa við fátækt finna gjarnan fyrir vanlíðan og þirringi vegna erfiðra húsnæðisaðstæðna eða þröngbýlis (Lee, 2011). Það er áhugavert að skoða þetta í ljósi skýrslu Hagstofu Íslands (2016) þar sem fram kemur að fólki sem býr í leiguhúsnæði er hættara við fátækt en öðrum. Börnin greindu frá örum flutningum og því að þau byggju tímabundið hjá ættingjum vegna húsnæðisleysis eða í leiguhúsnæði fjarri þeim skóla sem þau sóttu. Fjarlægð frá skólahverfi barnsins gat því leitt til þess að börnin myndu fyrir einmanaleika og útilokun frá félagslegum tækifærum. Fyrir fjölskyldur sem búa við fátækt virðist almennur leigumarkaður vera slæmur kostur og ekki tryggja börnum það félagslega öryggi sem þau þarfnast. Þetta er í samræmi við niðurstöður erlendra rannsókna sem hafa sýnt fram á neikvæðar afleiðingar húsnæðisvanda fyrir félagslegar aðstæður barna (Crowley og Vulliamy, 2007). Það virðist því vera brýnt verkefni sveitarfélaga að tryggja barnafjölskyldum sem búa við fátækt öruggt húsnæði og stuðla með því að auknum tækifærum barna til tómstundaráttöku annars vegar og hins vegar bættri félagslegri stöðu meðal jafnaldra. Meirihluti barnanna tók ekki þátt í skipulegu tómstundastarfi þó svo að nokkur þeirra lýstu yfir löngun til að taka þátt í slíku starfi. Að sögn barnanna var peningaskortur og lítil eftirfylgni foreldra helsta ástæða þess að þau voru ekki í tómstundastarfi. Þessar niðurstöður eru í samræmi við fyrri rannsóknir (Ásdís Aðalbjörg Arnalds, Elísabet Karlsdóttir, Heiður Hrunn Jónsdóttir og Vala Jónsdóttir, 2012; Elísabet Karlsdóttir og Erla Björg Sigurðardóttir, 2015; Ridge, 2009) sem hafa sýnt fram á að börn sem búa við fátækt taka síður þátt í tómstundum en jafnaldrar þeirra sem búa ekki við fátækt.

Börnin vildu mörg hver eiga fleiri samverustundir með foreldrum sínum. Heilsuvandi foreldris, erfiðrar húsnæðisaðstæður fjölskyldu og streita var meðal þess sem börnin nefndu að stæði í vegi fyrir góðum fjölskyldusamskiptum og meiri samveru. Sýnt hefur verið fram á að fjárhagsáhyggjur foreldra geta leitt til andlegrar streitu og hún eykur líkurnar á samskiptaerfiðleikum innan fjölskyldu (Ridge, 2009; Walker, Crawford og Taylor, 2008). Einnig má undirstrika mikilvægi þess



að félagsráðgjafar og aðrir fagaðilar líti á mál barna sem búa við fátækt út frá sjónarhorni fjölskyldunnar, þar sem tengsl við fjölskyldumeðlimi geta haft mikil áhrif á velferð barnanna nú og í framtíðinni.

Frásagnir barnanna benda til þess að þörf sé á auknum stuðningi við barnafjölskyldur sem búa við fátækt með það að markmiði að tryggja velferð barna og framtíðarafkomu þeirra. Að mati höfunda er aðgengi að tómsundum fyrir alla og húsnæðisvandi stór áskorun í velferðarþjónustu. Taka þarf réttmætt tillit til reynslu og upplifunar barna við uppbyggingu velferðarþjónustu og eru húsnæðismál þar engin undantekning. Það er hlutverk félagsráðgjafa að veita börnum tækifæri og virða rétt þeirra til að tjá sig um reynslu sína, og nýta hana til að bæta aðstæður barna.

Heimildaskrá

- Ásdís Aðalbjörg Arnalds, Elísabet Karlsdóttir, Heiður Hrund Jónsdóttir og Vala Jónsdóttir. (2012). *Aðstæður reykvískra foreldra: Félagslegt tengslanet, tómsundir og almennt heilsufar barna*. Unnið fyrir Velferðarsvið Reykjavíkurborgar. Reykjavík: Félagsvísindastofnun og Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd.
- Brady, K., Shaw, C., Blades, R. og Davey, C. (2012). Involving children and young people in research: Principles into practice. Í P. Beresford og S. Carr (ritstj.), *Social care, service users and user involvement* (bls. 226–243). London: Jessica Kingsley.
- Braun, V. og Clarke, V. (2013). *Successful qualitative research: a practical guide for beginners*. London: SAGE publications.
- Chamberlain, L. J., Hanson, E. R., Klass, P., Schickedanz, A., Nakhasi, A., Barnes, M., Klein, M. (2016). Childhood poverty and its effect on health and well-being: Enhancing training for learners across the medical education continuum. *Academic Pediatrics, 16*(3), 155–162. doi:10.1016/j.acap.2015.12.012
- Crowley, A. og Vulliamy, A. (2007). Listen up! Children and young people talk: About poverty. Sótt af www.resourcecentre.savethechildren.net/node/4631/pdf/4631.pdf
- de Neubourg, C., Chai, J., de Milliano, M., Plavgo, P. og Wei, Z. (2012). *Step-by-step guidelines to the multiple overlapping deprivation analysis (MODA)*. Florence: Office of Research.
- Elísabet Karlsdóttir og Erla Björg Sigurðardóttir. (2015). Jaðarstaða foreldra - velferð barna. Í Sigrún Júlíusdóttir (ritstj.), *Ritröð um rannsóknaverkefni á sviði félagsráðgjafar* (bls. 1–32). Reykjavík: Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd.
- European Commission. (2010). *The European platform against poverty and social exclusion: A European framework for social and territorial cohesion*. Brussel: Höfundur.
- Graham, A., Powell, M. A. og Taylor, N. (2015). Ethical research involving children: Encouraging reflexive engagement in research with children and young people. *Children & Society, 29*(5), 331–343. doi:10.1111/chso.12089
- Guðný Björk Eydal og Cynthia Lisa Jeans. (2008). Börn og fátækt. *Tímarit félagsráðgjafa, 3*, 17–27.
- Hagstofa Íslands. (2016). *Sáráfatækt*. Sótt af www.stjornarradid.is/media/velferddarraduneyti-media/media/skyrslur2016/Skyrsla-um-sarafataekt-13.9.2016.pdf
- Hervör Alma Árnadóttir og Martha María Einarsdóttir. (2018). Samfélagslist sem aðferð til að auka þátttöku barna í félagsráðgjöf. *Tímarit félagsráðgjafa, 12*, 5–11.
- James, A., Jenks, C. og Prout, A. (1998). *Theorizing childhood*. Cambridge: Polity Press.
- Kolbeinn Hólmur Stefánsson, Lovísa Arnardóttir og Anton Örn Karlsson. (2018). Children's deprivation and economic vulnerability in Iceland 2009 and 2014. *Child Indicators Research, 11*(3), 783–803. doi:10.1007/s12187-017-9492-5
- Lee, J. (2011). The effects of persistent poverty on children's physical, socio-emotional, and learning outcomes. *Child Indicators Research, 4*(4), 725–747. doi:www.dx.doi.org/10.1007/s12187-011-9120-8
- Littlewood, P., Herkommer, S. og Koch, M. (2007). Social exclusion, the underclass and welfare. Í L. Harrysson og M. O'Brien (ritstjórar), *Social welfare, social exclusion. A life course frame* (bls. 7–33). Lundur: Värpinge Ord & Text.
- Lovísa Arnardóttir. (2016). *Réttindi barna á Íslandi: Börn sem líða efnislegan skort*. Reykjavík: Unicef. Sótt af www.unicef.is/sites/unicef.is/files/atoms/files/unicef_rbai.skyrsla.2016_vef_2.pdf
- Lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga* nr. 77/2000.
- Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins* nr. 19/2013.
- Martins, C. P., Oliveira, V. H. og Tendais, I. (2018). Research with children and young people on sensitive topics - The case of poverty and delinquency. *Childhood, 25*(4), 458–472. doi:10.1177/0907568218793931
- Mayall, B. (2009). *Towards a sociology for childhood: Thinking from children's lives* (4. útgáfa). London: Open University Press.
- McDonald, C. (2009). Children and poverty. Why their experience of their lives matter for policy. *Australian Journal of Social Issues, 44*(1), 5–21.
- Mood, C. og Jonsson, J. O. (2016). Trends in child poverty in Sweden: Parental and child reports. *Child Indicators Research, 9*(3), 825–854. doi:10.1007/s12187-015-9337-z
- Moore, T., Saunders, V. og McArthur, M. (2011). Championing choice - Lessons learned from children and young people about research and their involvement. *Child Indicators Research, 4*(2), 249–267. doi:10.1007/s12187-010-9083-1
- Mossige, S. og Backe-Hansen, E. (2013). For sensitivt for ungdom. Í H. Fossheim, J. Holen og H. Ingigerd (ritstj.), *Barn i forskning* (bls. 43–71). Oslo: De nasjonale forskningsetiske komiteene.
- Redmond, G. (2009). Children as actors: How does the child perspectives literature treat agency in the context of poverty? *Social Policy and Society, 8*(4), 541–550. doi:10.1017/S147474640999011X



- Rogoff, B. (2003). *The cultural nature of human development*. New York: Oxford University Press.
- Ridge, T. (2009). *Living with poverty: A review of the literature on children's and families' experiences of poverty*. Sótt af <http://dera.ioe.ac.uk/11015/1/rrep594.pdf>
- Sandbæk, M. (2009). Family income and children's perception of parental support and monitoring. *Social Policy and Society*, 8(4), 515–526.
- Save the Children. (2014). *Child poverty and social exclusion in Europe: A matter of children's rights*. Brussels: Save the Children. Sótt af www.resourcecentre.savethechildren.net/node/8167/pdf/child-poverty-and-social-exclusion-in-europe-low-res.pdf
- Shaw, C., Brady, L. M. og Davey, C. (2011). *Guidelines for research with children and young people*. London: National Children's Bureau.
- Stefán Ólafsson. (1999). *Íslenska leiðin: Almannatryggingar og velferð í fjölþjóðlegum samanburði*. Reykjavík: Tryggingastofnun ríkisins.
- Vis, S. A., Strandbu, A. Holtan, A. og Thomas, N. (2011). Participation and health – a research review of child participation in planning and decision-making. *Child & Family Social Work*, 16(3), 325–335. doi:10.1111/j.1365-2206.2010.00743.x
- Walker, J., Crawford, K. og Taylor, F. (2008). Listening to children: Gaining a perspective of the experiences of poverty and social exclusion from children and young people of single-parent families. *Health and Social Care in the community*, 16(4), 429–436. doi:10.1111/j.1365-2524.2008.00781.x
- Waller, T. og Bitou, A. (2011). Research with children: Three challenges for participatory research in early childhood. *European Early Childhood Education Research Journal*, 19(1), 5–20. doi:10.1080/1350293X.2011.548964
- Warren, J. (2007). *Service user and carer participation in social work* (1. útgáfa). Glasgow: Learning Matters Ltd.